

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalda í Akureyrarkaupstað, nr. 590/2007.

1. gr.

Ný málsgrein kemur í grein 5.3., sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Vegna stækkunar íbúðarhúss sem er a.m.k. 15 ára skal greiða 40% af venjulegu gatnagerðargjaldi skv. 1.–5. tl. greinar 4.3 enda nemi stækkunin ekki meira en 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Ef stækkunin er meiri en 30 fermetrar skal greiða fullt gatnagerðargjald af því sem umfram er.

2. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Frá og með 1. apríl 2010 verða fjárhæðir gjalda fastar og breytast ekki m.v. vísitölu byggingarkostnaðar.

3. gr.

Breyting þess er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar dags. 13. apríl 2010, skv. heimild í 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og tekur gildi við birtingu.

Akureyri, 14. apríl 2010.

Inga Þóll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.